

Mál nr. 189/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B**

Árekstur Drottningarbraut Akureyri þann 12.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina til suðurs eftir Glerárgötu yfir á Drottningarbraut. Þrjár akreinar eru við gatnamót Glerárgötu og Drottningarbraut til suðurs. Ágreiningur er milli ökumanna um staðsetningu bifreiðanna.

Vátryggingafélagið telur að A hafi átt að víkja fyrir B. Það telur að A hafi verið ekið á hægri akrein sem ætluð er fyrir umferð upp Kaupvangsstræti og að ökumaður hennar hafi skipt um akrein þegar komið er inn á Drottningarbrautina í veg fyrir B.

M gerir m.a. athugasemd við skýrslu lögreglu af vettvangi. Hann kveðst hafa verið á miðakrein en ekki hægri akrein.

Ökumaður B staðhæfir að A hafi verið ekið af hægri akrein í veg fyrir B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Ökumaðurinn hugaði ekki nægjanlega að annarri umferð og því varð árekstur með bifreiðunum.

Athygli vekur að lögreglan hefur eftir ökumanni A að þegar hún kom inn á gatnamótin hafi hún “verið þá á hægri akrein Drottningarbrautar af því að hún ætlaði að beygja til hægri á næstu gatnamótum...” Ökumaðurinn kvaðst hafa orðið var við B þar sem bifreiðinni var “ekið framúr henni þar sem ekkert pláss var fyrir framúrakstur og óhappið orðið.”

Ofanritað og ákoma á bifreiðunum styður sjónarmið ökumanns B í máli þessu. Það hallar því á A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.